

Latína í 4. bekk (LATÍ1MÁ09) skólaárið 2019 – 20

Í latínu á 1. ári eru kenndar fjórar kennslustundir á viku. Farið verður yfir helstu framburðarreglur klassískrar latínu og málfræðihugtök kynnt eftir því sem þau koma fyrir. Meginmarkmið námskeiðsins er að nemendur læri undirstöðureglur latneskrar beygingafræði og helstu grunnatriði í setningafræði. Mjög mikilvægt er að nemendur læri beygingafræði og orðaforða jafnt og þétt frá upphafi skólaárs og temji sér skipuleg vinnubrögð. Heimanám er forsenda fyrir góðum árangri.

Þýddir verða stuttir kennslubókartextar, einstakar setningar og málshættir og greindir málfræðilega og beygingafræði og orðaforði æfður með því að þýða setningar af íslensku á latínu. Fjallað verður um menningu og sögu Rómverja í samræmi við lesefni.

Námsefni: Latnesk lestrarbók og Latnesk málfræði eftir Kristin Ármannsson auk ítarefnis frá kennara sem safna skal í möppu. Á haustmisseri er áætlað að fara yfir kafla 2 - 31, á vormisseri kafla 32 - 63.

Námsmat: Tvær skriflegar æfingar verða á hvoru misseri, nákvæmar dagsetningar ákveðnar í samráði við nemendur: úr köflum 2 – 10 í lok september, úr köflum 11 – 20 í lok október, úr köflum 32 – 37 í lok janúar og úr köflum 38 – 48 í mars. Engin hjálpargögn eru leyfð á prófum.

Jólapróf: Skriflegt próf í 90 mínútur. Engin hjálpargögn leyfð.

Námseinkunn byggir jafnt á meðaltali úr skriflegum æfingum beggja missera, jólaprófseinkunn, ástundun (heimavinnu og þátttöku í tímum) og mætingu (sjá reglur um skólasókn bls. 7 í skólahandbók).

Vorpróf: Skriflegt próf í 90 mínútur. Engin hjálpargögn leyfð